

**Sp.**

**57. Tillaga til þingsályktunar**

**[57. mál]**

um að lýsa auglýsingu um bátaútvegsgjaldeyri ósamrýmanlega lögum.

Flm.: Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að auglýsing frá 7. marz 1951, um bátaútvegsgjaldeyri, sem fjárhagsráð hefur gefið út samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar, styðjist eigi við nein lög, en komi í bága við lög um fjárhagsráð, nr. 70 5. júní 1947.

Leggur Alþingi fyrir ríkisstjórnina að nema auglýsingu þessa þegar úr gildi.

**Greinargerð.**

Auglýsing fjárhagsráðs um bátaútvegsgjaldeyrinn svokallaða var birt í Lögbirtingablaðinu 8. marz 1951, degi eftir að Alþingi var slitið. Ríkisstjórnin hafði á þingfundi rætt nokkuð nauðsyn á útgáfu slíkrar auglýsingar og verið á það bent af þingmönnum að engin lagaheimild væri til slíks.

Í upphafi auglýsingarinnar er eigi vitnað í lög, sem heimili útgáfu hennar, heldur aðeins sagt, að hún sé gefin út „samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar“. Er slíkt óvenjulegt.

Á síðasta þingi var ríkisstjórnin hvað eftir annað um það krafín af flutningsmanni þessarar þáttill., samkvæmt hvaða lögum hún hefði látið fjárhagsráð sitt setja þessa auglýsingu. Tvisvar varð viðskiptamálaráðherra fyrir svörum og kvað auglýsinguna setta samkvæmt heimild í lögum um fjárhagsráð. En er hann var aðspurður, hvaða grein í þeim lögum heimilaði að hafa þennan hátt á veitingu gjaldeyrisleyfa, svaraði hann eigi.

Síðar varð atvinnumálaráðherra fyrir svörum, og kvað hann auglýsinguna setta samkvæmt heimild í 11. og 12. gr. fjárhagsráðslaganna.

Í 11. gr. er engin slík heimild; samkvæmt henni er aðeins mögulegt að gefa „frilista“, leyfa almennt frjálsan innflutning á vissum vörutegundum.

Í 12. gr. er deild úr fjárhagsráði heimilað að úthluta „til innflytjenda“ innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, og eru þar sérstök fyrirmæli um að miða þá úthlutun við, að „verzlunarkostnaður og gjaldeyriseyðsla verði sem minnst“. Enn fremur segir, að „reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu“.

En bátaútvegsgjaldeyrisleyfin fá útflytjendur til ráðstöfunar og það í þeim tilgangi að leggja á þau (eða vöruna) mjög hátt gjald, sem enginn lagabókstafur er fyrir, að leggja megi á. Öll meðferð bátaútvegsgjaldeyrisins er því beint lagabrot.

Hvað sem liður nauðsyn eða hugsanlegu réttlæti þessa fyrirkomulags, þá styðst það ekki við lög, og ber því tafarlaust að fella það niður.

Hitt er svo annað mál, að finna löglega lausn á vandamálum útvegsins og útflytningsframleiðslunnar.